

Reykjavík, 24. feb. 2011.

Kæri Jón,

Hvers vegna í ósköpunum léstu Ingibjörgu bíða í tólf ár heima á Íslandi? Og hvers vegna fara þær sögur af þér, þessum dáðadreng sem þú varst að þú hafir ekki verið hlyntur kvenréttindum eins og Ingibjörg konan þín?

Síðan þú féllst frá hefur ýmislegt gerst hér á Íslandi sem þig hefði ekki órað fyrir, og þá einna helst í kvenréttindamálum. Reyndar var seinnipartur 19. aldar tíðindalítil í þessum efnum en árið 1915 fengu konur kosningarétt. Þremur árum síðar varð Ísland fullvalda ríki. Ekki nóg með það heldur tók Ísland sér sjálfstæði frá Danmörku árið 1944 við lítinn fögnuð Dana. Síðan þá hefur Ísland braggast tiltölulega vel, t.d. var Ísland fyrsta landið til þess að eignast kvenforseta í heiminum sem var kosin í lýðræðislegri kosningu, hana Vigdísí Finnbogadóttur. Hún hefur barist fyrir ýmsum merkum málum t.d. tungumálakennslu og jöfnum rétti til náms.

Það sem mér finnst einkenna íslensku þjóðarsálina í dag eru sterkar konur, listalíf, hönnun og hröð breyting á hlutverki karlmannsins inni á heimilinu, bæði hvað varðar húsverk og umönnun barna sinna.

Það sem er líka merkilegt er að þeir sem að voru kallaðir „kynvillingar“ þegar þú ólst upp eru nú „hommar“ og „lesbíur“ og það fólk hefur öðlast réttindi til þess að ganga í hjónaband núna. Hvað finnst þér um það?

Þegar að ég hugsa það betur, þá held ég að engin kona í dag myndi láta bjóða sér upp á að sitja tólf ár í festum.

Kær kveðja

Unnur Birna Jónsdóttir

þrettán ára stelpa í Hagaskóla Íslands